

Uppsveitir bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 16. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0023
LA

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir lóðirnar Vörðás 5, 7 og 9 í Úthlíð, Bláskógabyggð

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita, dags. 14. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir lóðirnar Vörðás 5, 7 og 9 í Úthlíð, Bláskógabyggð. Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru að lóðirnar eru sameinaðar í Vörðás 5-9 og svæðinu breytt úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæðið VP47 í Úthlíð, þar sem gert er ráð fyrir veitingarekstri og gistingu í gestahúsum/gistihúsi fyrir allt að 50 gesti. Heildar byggingarmagn getur verið allt að 1850 m². Aðkomu að Vörðási 5-9 verður breytt og skal nýr aðkomuvegur vera um Skarðaveg, Mosahlíð og Vörðás.

Svæðið er allt undir hverfisvernd vegna birkiskóga eða birkikjars. Innan þessara svæða er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir eftirfarandi athugasemdir. Skipulagssvæðið er staðsett á Lambahrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Mikilvægt er að forðast óþarfa rask á hrauninu og kemur það fram í skilmálum deiliskipulagsins. Nauðsynlegt er að fylgja því eftir með eftirliti þegar framkvæmdir við uppbyggingu og vegagerð eiga sér stað.

Birkiskóglendisvistgerðir eru ríkjandi gróður á svæðinu en þær hafa hátt verndargildi eins og fjallað er um í greinargerð deiliskipulagsins. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins um gróður skal forðast að raska birkikjarri og þá er óheimilt að gróðursetja framandi trjátegundir innan skipulagssvæðis. Þetta eru góðir skilmálar að mati Náttúrufræðistofnunar og huga þarf sérstaklega að þessu við framkvæmd þeirrar uppbyggingar sem enn er ekki lokið.

Náttúrufræðistofnun mælist til þess að nyrðri mörk deiliskipulagsins miðist við nýjan aðkomuveg sem fær tengingu við Mosahlíð. Þá telur stofnunin að ekki ætti að nota rauðamöl (rautt gjall) sem ofaníbúrd í vegi og bílastæði innan svæðisins þar sem hún breytir ásýnd landsins og er efnistakan yfirleitt úr gjallgígum sem skv. lögum um náttúruvernd njóta sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur
Svið Náttúruverndar

